

Ferðalag Sveinbjörns til Tékklands í apríl 2009 með Önnu Lenu og Rögnu

Miðvikudaginn 1. apríl fór ég með kennurunum Rögnu og Önnu Lenu til London en þaðan var ferðinni heitið til Tékklands. Ragna og Anna Lena fóru á Comeníusar námskeið um útikennslu og umhverfismennt í Tékklandi og buðu mér með.

Eftir að hafa gist eina nótt í London héldum við snemma dags af stað til Prag en það er höfuðborg Tékklands. Við komum til Prag um hádegi fimmtudaginn 2. apríl og vorum þar í tvo daga. Í Prag var margt skemmtilegt að skoða. Þar er mikið af gömlum fallegum byggingum og mikið mannlíf enda var veðrið dásamleg, sól og blíða. Það var til dæmis mjög gaman að fara í turninn í Ráðhúsinu við gamla borgartorgið, sjá púðurportið, kastalahverfið og Karlsbrúna svo að eitthvað sé nefnt.



Laugardaginn 4. apríl fór ég svo með Rögnu og Önnu Lenu á leiðis á námskeiðið. Við hittum hina þátttakendurna á lestarstöð einni í Prag og fórum þaðan með bílum til Ovcin en það er í Suður Bóhemíu. Mér leist strax vel á Ovcin og fólkið sem var líka á námskeiðinu. Ovcin er gamall sveitabær sem Íþróttadeild Háskólans í Prag á og hefur gert upp.



Ég brallaði margt á meðan ég var í Ovcin, fór í göngu-, hjóla- og bílferðir. Ég fékk að vera með í leikjum og fór líka á alþjóðlegt kvöld þar sem allir þátttakendur kynntu eitthvað frá landinu sínu. Á hverjum degi borðuðum við ákaflega góðan tékkneskan mat og fólk var mjög almennilegt við mig og hugsaði vel um mig.



Priðjudaginn 7. apríl varð ég fyrir slysi en sem betur fer endaði allt vel. Það var þannig að við hjóluðum um 15 km frá Ovcin um skógana í Trebonsko og hafði ég mjög gaman af því. Þegar við komum á staðinn sem við áttum að hjóla til voru Dusan og Britta búin að kveikja eld og við fórum beint í að elda matinn okkar. Við elduðum kjúkling og grænmeti undir berum himni og allir nutu þess. Eftir matinn fékk ég að klifra á kerrunni hjá Dusan og sat þar uppi og naut útsýnisins. Þegar ég var svo að fara að koma mér niður rann ég til og datt niður af kerrunni og féll beint á höfuðið. Einhver sá mig detta og sem betur fer var Dusan nálægur og hann þurfti bæði að blása í mig lofti og hnoða mig. Ég var fljótur að ná mér en eftir byltuna fékk ég að vera í fanginu hjá ömmu Brittu. Ég treysti ég mér ekki að hjóla aftur heim sérstaklega þar sem að Ragna og Anna Lena ákváðu að fara með nokkrum vinum lengri leið og hjóla að landamærum Tékklands og Austurríkis. Inga-Lill bauðst til að gæta mín og fór ég heim með henni í bílnum.



Fimmtudaginn 9. apríl kvöddum við Ovcin og fórum aftur til Prag. Ég var svolítið leiður þegar ég fór frá Ovcin því að það er eitthvað mjög sérstakt við þennan stað. Við komum til Prag seint um kvöld og fórum strax að sofa. Daginn eftir hjóluðum við um Prag og var það einstök upplifun. Áður en við lögðum af stað þurftum við að kveðja fjóra vini frá Svíþjóð sem þurftu að fara heim degi áður. Um kvöldið fóru svo Ragna og Anna Lena út að borða með bæði leiðbeinendum og hinum þátttakendum í sjónvarpsturninn í Prag. Ég var of þreyttur til að fara með en Ragna og Anna Lena sögðu mér að útsýnið þaðan hefði verið frábært og að Prag væri ekki síður falleg upplýst í myrkrinu.

Laugardagurinn 11. apríl rann upp bjartur og fagur eins og hinir dagarnir mínir í Tékklandi. Það var kominn tími til að kveðja en þrátt fyrir stutt kynni var stundin erfið. Ég kvaddi vini mína og hélt af stað áleiðis heim með Rögnu og Önnu Lenu.



Ég mun geyma frábærar minningar frá Tékklandi í hjarta mínu um ókomna tíð.